

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto Alcan Straumsvík Hafnarfjörður



Dags eftirlits	24.11.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Rio Tinto Alcan Straumsvík	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gyða Ósk Bergsdóttir	Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu. Búið er að koma hljóðdeyfi fyrir á löndunarbúnaði fyrir súrál og því bætt úr frávikum frá fyrra eftirliti árið 2015, sem snýr að hávaða frá löndunarbúnaði. Óskað er eftir nýjum hljóðmælingum frá löndunarbúnaðinum.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Niðurstöður mælinga – ársfjórðungsskýrslur.
- Rekstrartruflanir 15.nóvember - áhrif á losun.
- Þrýstiprófanir lagna.
- Önnur mál.
- Skoðunarferð í steypuskála og við hreinsivirki.

1. Farið var yfir niðurstöður ársfjórðungsskýrslna en rekstraraðili hélt sig innan viðmiðunarmarka um losun á öllum tilskildum eignum.

2. Rekstrartruflanir urðu þann 15. nóvember en þá fór straumur af kerskálum og þurrhreinistöðvum vegna eldingar sem sló niður í Búrfellslínu. Mislangan tíma tók að koma öllum þurrhreinistöðvum inn aftur en eftir 4 tíma voru allar stöðvar komnar á fullt afsog. 24V spennir fyrir þurrhreinistöð 3 brann yfir við rafmagnstruflunina og tók því lengstan tíma að koma honum inn aftur. Ekki er búist við því að þetta verði til þess að rekstraraðili fari yfir viðmiðunarmörk á mengunarefnum.

3. Rætt var um þrýstiprófanir olíulagna, en Umhverfisstofnun samþykkir að sjónskoðun verð gerð á 30-50 m soglögn sem liggur ekki undir þrýsingi allt árið í kring í stað þrýstiprófunar.

4. Önnur málefni voru rædd svosem óhapp sem varð vegna meðhöndlun efna þegar vetnisperoxíð var sett í stað saltsýru í kælivatnstank í kyndistöð sem varð til þess að það flæddi upp úr og niður í kjallara. Vökvinn fór ekki í niðurföll og því ekki um umhverfisóhapp að ræða en vökvannum var svo dælt upp og komið til meðhöndlunar. Rætt var um gagnaskil og óskar Umhverfisstofnun eftir staðfestingum á nýrri vottun ISO staðla til að uppfæra á heimasíðu sinni.

5. Farið var í skoðunarferð um svæðið og byrjað á að fara í þurrhreinistöð 2 og mælíbúnaður skoðaður. Á neðri hæðum þurrhreinistöðvanna hafði safnast súrál vegna truflana í súralsflæði þurrhreinistöðvanna. Búið er að skipta yfir í stjörnulaga pokasíur fyrir skála 1 og 2 og verið að skipta um í skála 3 en þessar síur þola aukið afsog af kerum. Þá var farið í steypuskála og fylgst með þegar sögið er úr deiglu af áltökubíl til steypingar, lítil reykmýndun myndast þá við lokin en reyk háfur er staðsettur fyrir ofan með afsogi. Snyrtilegt var um að lítast.

ATHUGASEMDIR

Umhverfisstofnun óskar eftir nýjum hljóðmælingum frá löndunarbúnaði súrál.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur beðið um frest á kvörðun mælitækja í þurrhreinistöð 3 af vottuðum þriðja aðila vegna pokaskipta. Umhverfisstofnun hefur veitt frest til 31.mars 2017.

Reykjavík, 21.12.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Einar Halldórsson